



Reykjavík

Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2025

Vísað er til bréfs Samgöngustofu til Isavia Innanlandsflugvalla ehf., dags. 9. janúar 2025, sem Reykjavíkurborg fékk sent afrit af sama dag. Í bréfinu kemur meðal annars fram að Samgöngustofa telji nauðsynlegt að slökkt verði á PAPI ljósum flugbrautar 31 að næturlagi án frekari tafa og kalli eftir að Isavia Innanlandsflugvellir ehf. geri öryggismat vegna tímabundinnar lokunar flugbrautar 31/13 og að vinna við það hefjist án tafar. Í niðurlagi bréfsins er vísað til þess að Samgöngustofa reyni nú til hlítar að fá Reykjavíkurborg til að uppfylla ákvæði skipulagsreglna Reykjavíkurflugvallar áður en stofnunin grípi til þeirra úrræða sem lög um loftferðir heimila.


Með vísan til framangreindrar ákvörðunar Samgöngustofu fer Reykjavíkurborg þess á leit við Samgöngustofu að stofnunin sendi borginni formlegt erindi þar sem tilgreint er með skýrum hætti hvaða kröfur Samgöngustofa geri nákvæmlega á hendur Reykjavíkurborg vegna málsins og á grundvelli hverra lagaheimilda.

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg og Samgöngustofa hafa áður átt í samskiptum vegna málsins, meðal annars með bréfum, dags. 27. maí, 14. október og 15. nóvember 2024. Jafnframt hafa átt sér stað samskipti milli aðila á fundum vor og haust 2024. Á þeim fundum hefur ítrekað komið fram af hálfu Reykjavíkurborgar vilji til samstarfs um að tryggja flugöryggi með því að hlutast til um nauðsynlega fellinguna trjáa í Öskjuhlíð þannig að hagsmunir flugvallarins og Öskjuhlíðar, sem er skilgreindur borgargarður og nýtur hverfisverndar samkvæmt skipulagi auk þess að vera á náttúruminjaskrá, rekist ekki á. Í þeim tilgangi lét borgin fella um 45 tré í september sl. eða öll þau tré sem samkvæmt fyrirbyggjandi mælingum sköguðu upp í hinn svonefnda OCS flöt og hefur lýst yfir vilja til að fella þau tré sem þarf til að halda OCS fletinum hreinum.

Reykjavíkurborg lítur það alvarlegum augum að flugbraut sé lokað enda gegnir flugvöllurinn afar mikilvægu hlutverki í samgöngum til og frá borginni.

Reykjavíkurborg bendir á að ef Samgöngustofa hyggst halda til streitu þeirri kröfu að Reykjavíkurborg hlutist til um fellinguna allra trjáa í Öskjuhlíð sem skaga upp í svonefndan VSS-flöt, alls um 1400 tré, þá er um verulega íþyngjandi ráðstöfun að ræða í garð Reykjavíkurborgar, sem kallar á töku sérstakrar stjórnvaldsákvörðunar af

hálfu Samgöngustofu. Við undirbúning og töku slíkrar ákvörðunar ber Samgöngustofu að fara eftir málsmeðferðarreglum stjórnsluréttarins. Því er áréttuð ósk Reykjavíkurborgar um að fá formlegt erindi frá Samgöngustofu þar sem tilkynnt verður um boðuð úrræði af hálfu stofnunarinnar gagnvart Reykjavíkurborg vegna málsins og lagagrundvöll þeirra.

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Einar Þorsteinsson', written in a cursive style.

Einar Þorsteinsson, borgarstjóri